

Nd.

728. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þegar frv. þetta var til afgreiðslu í efri deild, fluttu tveir hv. þm. (FRV og GJ) till. um, að fjölskyldubætur með 2. og 3. barni skyldu vera háðar þeim takmörkunum, að hreinar árstekjur hlutaðeiganda færu ekki fram úr 44 þús. kr. miðað við visitölu 155, en því fé, sem við þetta sparaðist, yrði varið til að bæta nokkuð hlut gamalmenna og öryrkja. Tók FRV það fram í umr., að hann teldi ýmislegt mæla með því, að haft yrði nokkru hærra launatakmarkið um fjölskyldubæturnar, en þessi upphæð, 44 þús., varð fyrir valinu vegna þess, að í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar höfðu einstakir nefndarmenn lýst sig mjög líklega til samkomulags einmitt um hana. Það samkomulag fór þó út um þúfur, þegar til sögunnar kom það sjónarmið ríkisstjórnarinnar, að hún teldi það brot á samningum þeim, sem gerðir voru til lausnar vinnudeilunum í des. s. l., ef sett yrði launatakmark á fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, og meiri hluti nefndarinnar fylgdi frv. óbreyttu, áleit það ábyrgðarleysi að neyða ríkisstjórnina til að svikja loforð, er hún taldi sig bundna af í samningum. Og fylgdi deildin síðan þessari afstöðu við afgreiðslu frumvarpsins.

Hér skal ekki rætt um eðli þeirrar ábyrgðartilfinningar, sem lýsir sér í því, að menn beita sér gegn till. um, að hátekjumönnum og auðkýfingum sé ekki veittur styrkur til að ala upp börn sín, en þeim peningum varið til að bæta hlut þeirra, sem einna verst eru settir í þjóðfélaginu, öryrkja og gamalmenna. En þessi afstaða var einnig ráðandi í heilbr.- og félagsmálan. neðri deildar. Meiri hl. lýsti sig að sönnu andvígán því, að greiddar væru fjölskyldubætur til allra án nokkurrar tekjuviðmiðunar, á meðan Alþingi telur ekki fært að afnema skerðingarákvæðið um greiðslu á ellilífeyri, en ábyrgð þá, sem ríkisstjórnin telur sig bera á uppeldisstyrk til hálaunafólks, yrði að virða, og fylgir meiri hl. frv. óbreyttu. Ég sé mér hins vegar ekki fært að gera það og kys í þessum efnum heldur að láta kalla mig ábyrgðarlausan mann.

Ég tel það mjög varhugavert að færa tryggingakerfið, eins og gert yrði með frv. óbreyttu, yfir í það horf að borga ríku fólki peninga, á meðan kerfið sér ekki betur fyrir þeim, sem verst eru settir, heldur en raunin sannar. Auk þess sem þetta miðar bókstaflega að því að gera kerfið hlægilegt, mundi það stofna því í hættu, veikja það fyrir árásum þeirra, sem kynnu að vilja vinna því tjón, en því miður er ekki örgrannt um, að einhvers staðar leynist óskir um slíkt.

Ég tel þó tilgangslaust að taka upp óbreyttar till. þær til breyt. á frv., sem fluttar voru á efri deild. Í till. minni hef ég hækkað nokkuð launatakmarkið um rétt til fjölskyldubóta með 2. og 3. barni, sett það við 50 þús. kr.; en úr því að ríkisstjórnin telur sig svo mjög bundna af loforði um uppeldisstyrki handa hátekjufólki og auðkýfingum, þá skuli fjölskyldubæturnar einnig greiddar þeim, sem hafa tekjur fyrir ofan þetta takmark, aðeins ber ríkissjóði að leggja fram þá fjárhæð, er til þess þarf. Með þessu er tryggingakerfinu forðað frá þeim ömurlegu afdrifum að verða styrktarstofnun auðmanna, en hitt aftur á móti lagt beint í hendurnar á ríkisstjórninni að efna margumtalað loforð sitt til handa hálaunafólki.

Hvað snertir hækkunina á elli- og örorkulífeyri er till. mín alveg óbreytt frá till., sem flutt var í efri deild. Flyt ég það mál í von um, að sú ábyrgðartilfinning, sem hér hefur reynzt svo traust og haldgóð gagnvart hátekjumönnum og rétti þeim, sem þeir eru taldir hafa til að láta borga sér af almannafé nokkur hundruð krónur til að kosta uppeldi barna sinna, bregðist nú ekki, þegar um er að ræða kjarabætur handa þeim, sem einna bágast eiga allra þegna þjóðfélagsins.

Alþingi, 3. febr. 1953.

Jónas Árnason.